

Tilmæli 18/2019

| | |
|-------------------|--|
| Fyrri skjalsnúmer | A 1783/hállbart |
| Afgreiðsla | Norræna sjálfbærninefndin |
| Fylgiskjal/-skjöl | Nefndarálit um þingmannatillögu um að efla hinar norrænu umhverfisfjármögnunarleiðir (A 1783_hállbart) |

Efling hinna norrænu umhverfisfjármögnunarleiða

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn fimmtudagur, 31. október 2019 eftirfarandi tilmæli að tillögu Norrænu sjálfbærninefndarinnar. Norræna sjálfbærninefndin

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að ráðherranefndin fylgi eftir starfi formennsku Svíþjóðar 2018 varðandi úttekt sem lofað var að framkvæma á umgerð norrænu umhverfisfjármögnunarfélaganna, með NIB, NEFCO og NDF til hliðsjónar

að Norræna ráðherranefndin komi á fót fundarstöðum fyrir loftslagsfjárfesta, bæði úr röðum einkaaðila og hins opinbera, til að hvetja til samstarfs, ræða sameiginlega staðla fyrir loftslagsfjárfestingar og kortleggja þörfina á gögnum fyrir græna fjárfestingarkosti þannig að umhverfis- og loftslagsáhrif fjárfestinganna verði sýnileg

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2019

Hans Wallmark

forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs